

Reykjavík, 11.6 2020

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags „Norðurbrún“ vegna Norðurbrúnar 2

- Upphaflegt heildardeiliskipulag fyrir íbúðarhús við Norðurbrún var samþykkt í borgarráði þann 19. nóvember 1963
- Breyting á skipulagi við Norðurbrún 2 var samþykkt í skipulags- og samgönguráði þann 23. janúar 2019 og í borgarráði þann 7. febrúar 2019, höfundur deiliskipulags er TGH Arkitektar

Breytingin felst í því að leyfa þrjár íbúðir á 1. hæð í Norðurbrún 2, í stað tveggja áður. Fjöldi íbúða er óbreyttur en skiptist öðruvísi á hæðir. Einnig er leyfilegur gólfkóti skilgreindur betur.

Texti gildandi skilmála er svohljóðandi:

- Á fyrstu hæðinni/götu-hæðinni skal vera verslun- og þjónusta í 30% grunnflatar að lágmarki, auk þess er mögulegt að gera **tvær íbúðir** til norðurs. Í kjallara skal vera verslun og þjónusta að hámarki 20% af grunnfleti kjallara. Á 2. hæð er heimilt að gera íbúðir að fjölbreyttri stærð, 30-90 m². Samtals geta orðið 8 íbúðir í húsinu.
- Gólfkóti 1. hæðar verður hluti af skilmála og skal falla vel að landi.

Tillaga að breyttum texta í skilmálum er svohljóðandi:

- Á fyrstu hæðinni/götu-hæðinni skal vera verslun- og þjónusta í 30% grunnflatar að lágmarki, auk þess er mögulegt að gera **þrjár íbúðir** til norðurs. Í kjallara skal vera verslun og þjónusta að hámarki 20% af grunnfleti kjallara. Á 2. hæð er heimilt að gera íbúðir að fjölbreyttri stærð, 30-90 m². Samtals geta orðið 8 íbúðir í húsinu.
- Gólfkóti 1. hæðar, **37,85 m**, verður hluti af skilmála og skal falla vel að landi.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í Skipulags- og samgönguráði þann 1. júlí 2020.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 7. september 2020.

